

## Til FHS félaga

Að beiðni stjórnar FHS set ég hér fram af gefnu tilefni, nokkrar línur sem varða mikilvægi þess að tryggingar fólks séu í góðu lagi.

Saga okkar er þannig að við hjón komum til Spánar 2.júní í fyrra. 2 dögum síðar var konan komin með verki í bak/mjöð, sem ágerðust. Ég gat útvegað verkjalyf og bólgueyðandi í samráði við lækni heima á Íslandi, sem leiddi til þess að henni leið betur og gat hafst þokkalega við í íbúðinni okkar, gat notið sólar á svölunum o.s.frv.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að hún hafði gengist undir liðskipti í mjöð árið 2000, og síðan endurnýjun að hluta árið 2010.

Eftir 4 daga heima var ljóst að líðan hennar var ekki að batna, frekar að snúast til verri vegar, þannig að um kvöldið 9. Júní fór ég með hana á sjúkrahúsið í Alicante, **Hospital Universidad de Alicante.**

Í framhaldi af því setti ég mig í samband við okkar tryggingarfélag á Íslandi, sem er VÍS, og þar var mér tjáð að þegar sjúklingur væri kominn inn á sjúkrahús erlendis, tæki SOS International í Danmörku við hlutverki tryggingarfélagsins, og mér leiðbeint varðandi það að hafa samband þangað og tilkynna atvikið. Sem ég gerði síðan og málið var skráð og ég fékk „contact“ aðila o.s.frv. Allt gott við það.

Á sjúkrahúsinu var tekið á móti okkur, nokkur bið var á móttökurými og síðan var hún tekin inn og sett í sjúkrarúm, til að byrja með á gangi innan um fleiri sjúklinga. **Par er mikilvægt að hafa Evrópska sjúkratryggingarkortið.** Síðan tóku við blóðprufur, viðtöl, sem voru erfið, þar sem starfsfólkið talaði almennt mjög litla ensku. Ég fór heim um 4 leitið um nóttina, og kom svo aftur um kl. 10 næsta morgun. Þá var búið að flytja hana á gjörgæsludeild ( UCI ). Þar var mér greint frá því að hún væri með blóðtappa í mjöðm, og myndi þurfa að dvelja þarna í 4 – 5 daga, og svo tæki við 6 mánaða lyfjameðferð, allt tiltölulega einfalt og auðvelt.

Þennan dag, föstudaginn 10. Júní, virtist allt vera í góðu standi, henni leið þokkalega og tryggingarfélagið var í sambandi við lækinn.

Næsta dag, laugardaginn 11. Júní, fannst mér henni vera að líða ver, það voru að myndast sár á höndum hennar, sem reyndust vera ofnæmisviðbrögð við blóðþynningarlyfjum, og hún var smám saman með meira óyndi, og það kvöld skrifaði ég tryggingarfélaginu langan póst og krafðist þess að hún yrði flutt heim með flugi tafarlaust. Ég hafði einnig samband við Hönnu í gegn um vef FHS, sem kom til Alicante og aðstoðaði mig við samskiptin við sjúkrahúsið þetta kvöld.

Næsta morgun, sunnudaginn 12. Júní hringdi SOS í mig og sagði mér að þér væru mér sammála, þau ættu erfitt með að ná sambandi við sjúkrahúsið, enginn skildi ensku, þau kæmust ekki í gegn um skiptiborðið o.s.frv. Hins vegar væri útilokað að flytja hana heim án þess að hafa læknisfræðilegan grundvöll til þess, sem ekki væri fyrir hendi á þessu stigi. Því lögðu þau til að hún yrði flutt á einkasjúkrahús í Torrevieja, sem heitir QUIRON. Að sjálfsögðu samþykkti ég það, en af því að um var að ræða helgi, var ekki hægt að framkvæma það fyrr en næsta dag, mánudaginn 13. Júní, sem var 30 ára brúðkaupsdagur okkar.

Hún var síðan flutt þangað um hádegisbil, eftir að mikil pressa hafði verið lögð á mig að hætta við þetta, þar sem hún væri mikið veik og menn að átta sig á því að vandamálið var ekki blóðtappi, heldur sýking, sem hafði búið um sig í gerviliðnum í mjöðminni, og hafði að auki náð að eyðileggja hjartaloku. Læknirinn hringdi m.a. í Hönnu, sem hafði skilið eftir símanúmer sitt, til þess að hún gæti rætt við mig og það væri mér ljóst að þessum flutningi fylgdi áhætta og að með því tæki ég alla ábyrgð á mínar hendur. Ég stóð fastur á því að koma henni á annan spítala, tel í sannleika að það hafi bjargað lífi hennar. Síðar það kvöld var hún komin í öndunarvél, og næsta vika fór í að halda henni á lífi, með endurteknum inngrípum með hjartastuðtæki og lyfjagjöfum, þar sem ekki var hægt að gera á henni nauðsynlegar aðgerðir, vegna þess að storknunargildin í blóðinu voru í algjöru lágmarki eftir blóðþynningarlyfin dagana á undan.

21. júní var framkvæmd aðgerð á mjöð, þar sem mjaðmaliðurinn var fjarlægður og ca 1 kg af greftri hreinsað út.

25. júní var síðan framkvæmd aðgerð, þar sem skipt var um hjartaloku. Vegna áður nefndra vandamála með blóðþynningarlyf, þurfti að notast við önnur lyf í aðgerðinni, sem tók á endanum 11 ½ klst, í stað 4-5 klst eins og áætlað hafði verið.

Í framhaldinu tóku við bæði góðir og erfiðir dagar, en á endanum vorum við flutt heim 12. júlí með sérstakri sjúkrahötu, þar sem voru auk okkar tveggja og tveggja flugmanna 1 læknir og 1 hjúkrunarkona. Heima tók við löng sjúkhusvist og fleiri aðgerðir, samtals þurfti hún að dvelja 5 mánuðir á sjúkrahúsi og við endurhæfingu.

Tilgangurinn með þessum línnum er samt að ítreka mikilvægi trygginganna.

Í okkar tilviki var kostnaður tryggingarfélagssins tæpar 30 millj.

Sem betur fer voru okkar tryggingamál í það góðu lagi að nánast ekkert féll á okkur persónulega, og vil ég nú gera grein fyrir því hvernig þeim málum var skipað:

1. Heimilstrygging VÍS ( F+ ). Með þessari tryggingu vorum við tryggð fyrir sjúkrakostnaði allt að 13 millj.
2. VISA Credit kort. Þar sem við höfðum greitt fyrir ferðina með VISA kort tók trygging þess við af heimilstryggingunni, ca. 7 millj í viðbót.
3. American Express Corporate (Buisness). Þar sem ég hafði AMEX Corp kort í tengslum við mitt starf, tók þetta kort við, án tillits til þess hvort ég hefði borgað einhvern hluta af ferðinni eða ekki. Bendi samt á að það þarf að vera um að ræða Corporate kort (fyrirtækiskort), og beini því til allra að kynna sér vel hvað hentar í hverju tilviki.

Tryggingar eru að mínu viti í grunninn til þess að forða fólki frá fjárhagslegu hruni þegar óvæntir atburðir steðja að, ekki til þess að bæta minni háttar tjón sem tengjast GSM sínum, gleraugum, minni háttar tjóni á bílum o.s.frv. Þar verða oftast mestu árekstar á milli tryggingarféлага og viðskiptavina þeirra.

Mín reynsla er að þegar virkilega á reynir eru tryggingarfélögin til staðar til að gegna sínu hlutverki.

Ég enda þennan pistil á örstuttu ljóði sem ég samdi kvöldið sem ég og synir okkar sátum á Quiron sjúrhúsinu og biðum tímum saman eftir að hjartaaðgerðinni lyki.

Ég nefni það Hjarta úr gulli.

Með kveðju

Hólmsteinn Björnsson

## **HJARTA ÚR GULLI**

Dagarnir skriða hægt, lífið er skuggað,  
skjótast um hugann alls konar dökkar myndir.

Efi mig ásækir, fátt fær minn kvíða huggað,  
fær hún að greiða með lífinu mínar syndir?

Hvernig er hægt að ráðast á hjarta úr gulli ?

**Er þetta kannski napur draumur um nóttu?**

**Nístingsköld martröð, sem hlýtur að taka endi?**

Og þegar ég vakna þá vakir hún mér við hlið,  
vanga minn strýkur, kyssir mig mjúkt á enni.

Horfir í augu mín, hlýlega brosir mér við;  
þá hönd mína legg ég blíðlega á brjóstið á henni,  
af því ég veit að ..... þar undir slær hjarta úr gulli.